

**Nd.**

**240. Frumvarp**

til laga um breyt. á l. nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á sild.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Öll sild, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Til seljenda teljast allir þeir, sem taka laun sín eða hluta þeirra sem aflahlut eða uppbót (premiu), er miðast við afla.

Hver bræðsluverksmiðja skal jafnan hafa tiltækar hæfar sildarvogir, er taki i einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem sildin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af sild, og telst það verðeining.

**2. gr.**

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Þar, sem sild er mæld samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að lög-gilda nægilega marga mælingarmenn, sem annast mælingu á sildinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Mælingarmenn sjá um, að mæliker þau, sem notuð eru, séu löggilt og skoðuð árlega, áður en byrjað er að nota þau.

**3. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögnum varða sektum frá 300—30000 kr.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

#### Greinargerð.

Neðri deild Alþingis hefir nú fellt frv., þar sem farið var fram á, að vigt á bræðslusild yrði skilyrðislaust lögskipuð. En samkvæmt gildandi lögum eiga seljendur kröfu á, að sild sé vegin, ef þeir óska þess.

Ágreiningur getur orðið um það, hverjir skuli teljast seljendur, og er ætlað til þess, að hásetar og aðrir, sem hlut taka eða premíu á sildveiðum, séu taldir seljendur í þessu sambandi. En þá þykir sjálfsagt að skylda allar bræðsluverksmiðjur til að hafa hæfar vogir jafnan til taks, ef þessi kröfuréttur á ekki að vera dauður bókstafur gagnvart sumum verksmiðjunum. Loks þykir ekki verða komið hjá því að hafa tilsvareandi ákvæði um eftirlit með mælikerum og notkun þeirra og nú gilda um sildarvogir.